

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Guðrún Birgisdóttir
Dags. 23. maí 2023
Mnr. 2023050149



ÍSAFJARÐARBÆR

Þróun leikskólastarfs til næstu ára.

Um nokkurt skeið hefur Ísafjarðarbær boðið upp á leikskólavistun fyrir börn frá aldrinum 12-18 mánaða. Á þeim tíma hafa einstaka þættir breyst í samfélaginu hvað varðar mönnun á leikskólum sveitarfélagsins, ytri þættir atvinnulífs sem og kröfur um fjölskylduvænna umhverfi. Það er því tímabært eins og staðan er í dag að endurskoða vistunartíma þessa unga aldurshóps með tilliti til þeirra þátta sem hér á undan hefur verið fjallað um og koma til móts við þær breytingar og kröfur sem eiga sér stað innan málaflokksins líkt og hefur verið gert í öðrum sveitarfélögum á landinu. Formaður fræðslunefndar leggur til að það fari almenn umræða um málefnið innan fræðslunefndar.

GB